

stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 6.000.00. Er þar litið til þess, að af hálfu stefnanda hefur kröfugerð og málflutningi verið mjög áfátt, þótt ekki hafi hins vegar verið talin alveg næg ástæða til að vísa málinu ex officio frá dómi af þeim sökum.

Málssókn stefnanda á hendur stefnda Just Betzer hefur ekki verið réttlætt. Ber því að dæma stefnanda til að greiða honum málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.500.00.

Hákon Guðmundsson yfirborgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Asa Film Production A/s greiði stefnanda, Örnólfi Árnasyni, kr. 35.801.57 með 7% ársvöxtum frá 6. september 1966 til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi, Örnólfur Árnason, greiði stefnda Just Betzer kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. maí 1968.

Nr. 11/1968. **Hreppsnefnd Rauðasandshrepps f. h. hreppsins** (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
 gegn
Hreppsnefnd Patrekshrepps f. h. hreppsins
 (Birgir Ísl. Gunnarsson hrl.) og
Guðmundi Benóný Aðalsteinssyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögheimili.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1968. Krefst hann þess aðallega, að lögheimili stefnda Guðmundar Benónýs Aðalsteinssonar hinn 1. desember 1964 verði talið að Húsabæ I, Hvallátrum, Rauða-

sandshreppi, en til vara, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann þess, að stefndu verði óskipt dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi hreppsnefnd Patrekshrepps krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Guðmundur Benóný Aðalsteinsson hefur hvorki sjálfur né nokkur fyrir hans hönd komið fyrir Hæstarétt, og eru engar kröfur gerðar hér fyrir dómi af hans hálfu.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hefur stefndi Guðmundur Benóný Aðalsteinsson af nýju gefið skýrslu fyrir dómi, og nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti, sem fela í sér staðfestingu á málavaxtalýsingu úrskurðar héraðsdóms.

Með skírskotun til hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann um, að lögheimili stefnda Guðmundar Benónýs Aðalsteinssonar var hinn 1. desember 1964 að Túngötu 15 á Patreksfirði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Lögheimili stefnda Guðmundar Benónýs Aðalsteinssonar var hinn 1. desember 1964 að Túngötu 15 á Patreksfirði.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður sakadóms Barðastrandarsýslu 21. nóvember 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 21. nóvember, var í sakadómi Barðastrandarsýslu, sem haldinn var af Ásbergi Sigurðssyni, kveðinn upp úrskurður um lögheimili Guðmundar Benónýs Aðalsteinssonar, fædds 5. október 1936, talinn til heimilis að Húsabæ, Hvalláttrum, Rauðasandshreppi.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi sveitarstjóra Patrekshrepps, dags. 21. júní 1965, var beiðzt dómsrannsóknar og úrskurðar um lögheimili Guðmundar

Benónýs hinn 1. desember 1964 samkvæmt 14. gr. laga nr. 35/1960.

Við rannsókn málsins hefur eftirfarandi komið fram:

Guðmundur Benóný Aðalsteinsson er fæddur 5. október 1936 að Breiðuvík í Rauðasandshreppi, en flyzt með foreldrum sínum, Aðalsteini Sveinssyni og Sigríði Steinunni Traustadóttur, að Túngötu 15, Patreksfirði, síðla sumars 1947, þá tæplega 11 ára gamall. Að Túngötu 15 hefur Guðmundur Benóný síðan búið alla tíð hjá foreldrum sínum. Vorið 1963 gerðist Guðmundur II. vélstjóri á m/s Hannesi Hafstein, EA 345, Dalvík, og er enn. Skip þetta kom til landsins 1963 og var fyrst nær eingöngu mannað Patreksfirðingum, en skipstjóri hefur frá upphafi verið Jón Magnússon frá Patreksfirði. Einnig hefur I. stýrimaður verið búsettur Patreksfirðingur.

Í greinargerð oddvita Rauðasandshrepps kemur fram, að honum hafi 22. nóvember 1964 borizt aðseturstilkynning, undirrituð af Guðmundi Benóný Aðalsteinssyni 25. maí s. á., þar sem hann tilkynnir, að hann flytji aðsetur sitt og lögheimili frá Túngötu 15, Patreksfirði, að Húsabæ á Hvallátrum í Rauðasandshreppi. Aðseturstilkynningu þessa framsendi oddviti svo Hagstofu Íslands, þjóðskrá.

Á manntali 1. desember 1964 var Guðmundur Benóný talinn eiga lögheimili að Húsabæ, Hvallátrum, Rauðasandshreppi.

Með bréfi til Hagstofu Íslands, dags. 4. marz 1965, var umræddum flutningi mótmælt af hálfu Patrekshrepps og lögð á það áherzla, að Guðmundur hafi átt lögheimili á Patreksfirði samfleytt síðan 1947, þ. e. í 17 ár, og enn fremur, að hann hafi dvalizt á heimili foreldra sinna, Túngötu 15, hin síðari ár, eftir að hann gerðist skipverji á m/s Hannesi Hafstein, þegar skip hans hefur komið til Patreksfjarðar. Var því mótmælt, að nokkur dvöl, búseta eða annað varðandi hagi Guðmundar hafi átt sér stað, er leitt gæti til breytinga á lögheimili hans samkvæmt ákvæðum laga nr. 35/1960. Var því haldið fram, að tilkynning um flutning að Hvallátrum í Rauðasandshreppi hefði ekki við rök að styðjast og fengi ekki staðizt samkvæmt lögum um lögheimili, enda hefði raunverulegur flutningur ekki átt sér stað.

Mótmæli Patrekshrepps voru ekki tekin til greina af Hagstofu Íslands, sem í tilkynningu, dags. 11. júní 1965, úrskurðaði: „Krafa 4603 um flutning á íb. þess sveitarfélags ekki tekin til greina haldist á íb. 4602, sem mótmælir flutningi þaðan. 4603 tekur

fram: „Er vélstjóri á skipi frá Dalvík. Foreldrar hans telja hann fluttan með lh. frá Patreksfirði.“

Fyrir sakadómi 11. júlí 1966 hefur vitnið Þórður Jónsson hreppstjóri, Húsabæ I, Hvallátrum, Rauðasandshreppi, m. a. skýrt frá því, að hann hafi leyft Guðmundi að eiga heimili hjá sér, „en hann gæti ekki látið hann hafa fast herbergi, en hins vegar gæti hann fengið að dvelja þar, þegar hann vildi“. Og enn fremur: „að Guðmundur eigi enga húsmuni á Húsabæ, enda þurfi hann ekki á því að halda, þar sem mættur bauð honum vist án herbergis sérstaklega eða húsmuna“. Og loks: „að Guðmundur hafi aldrei til þessa dvalið til langframa að Húsabæ og aldrei verið þar um nætursakir“.

Fyrir sakadómi 25. janúar 1967 hefur Guðmundur Benóný Aðalsteinsson skýrt m. a. frá því, að hann hafi „ekki tryggt sérstakt herbergi að Húsabæ og hafi enga húsaleigu greitt húseiganda. Aðspurður segist mætti ekki hafa átt þar neina húsmuni, fatnað eða aðra persónulega muni. Aðspurður um, hvort mætti hafi dvalizt þar í leyfum sínum, segir mætti, að hann muni alltaf eða oftast hafa komið að Húsabæ í leyfum sínum, en ekki dvalizt þar um nætursakir“. Og enn fremur: „Aðspurður segist mætti eiga dívan og borð á heimili foreldra sinna og sofi hann í því herbergi, sem þessir munir eru geymdir í, þegar hann sé hér staddur“.

Fyrir sakadómi 9. nóvember s.l. hefur Aðalsteinn Sveinsson, Túngötu 15, Patreksfirði, faðir Guðmundar Benónýs, m. a. skýrt svo frá: „... að Guðmundur Benóný hafi komið á heimili foreldra sinna, Túngötu 15, Patreksfirði, um allar stórhátíðir og í flestum fríum sínum og dvalið á heimili þeirra allt að hálfum mánuði, en hann er og hefur verið II. vélstjóri á m/s Hannesi Hafstein, EA 345, allt frá því að skipið kom hingað til landsins 1963. Mætti segir, að íbúðin að Túngötu 15 sé 5 herbergi, eldhús og bað og heimilisfólk þau hjónin og sonur þeirra, Sigurgeir Árni, 17 ára gamall, og hafi svo verið, frá því að Guðmundur Benóný flutti að heiman“.

Og enn fremur: „Aðspurður segir mætti, að Guðmundur Benóný eigi lítið sófaborð á heimili sínu og einnig dívan í herbergi því, er hann sefur alltaf í, er hann dvelur þar í fríum sínum“.

Guðmundur Benóný upplýsir einnig í sakadómi 25. janúar 1967, „að hann muni hafa verið í leyfi ásamt öðrum skipverjum frá því um miðjan nóvember 1964 og fram yfir áramótin 1964—

1965 og hafi hann þann tíma dvalizt á heimili foreldra sinna að Túngötu 15, Patreksfirði“, eða á þeim tíma, er hann telur sig fluttan með lögheimili að Húsabæ í Rauðasandshreppi, þ. e. 1. desember 1964.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, þykir sannað, að Guðmundur Benóný Aðalsteinsson hafi ekki með lögmetum hætti flutt aðsetur sitt og lögheimili að Húsabæ í Rauðasandshreppi 1. desember 1964 samkvæmt 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 35/1960.

Að Húsabæ hefur hann ekki tryggt sér sérstakt herbergi, ekki greitt þar húsaleigu, ekki dvalizt þar svo mikið sem nætursakir í leyfum sínum og tómsundum og ekki átt þar þá hluti, sem honum eru persónulega tengdir, svo sem fatnað eða húsmuni.

Hins vegar þykir dvöl Guðmundar Benónýs Aðalsteinssonar frá miðjum nóvember 1964 og fram yfir áramótin 1964—1965 á heimili foreldra hans, Túngötu 15, Patreksfirði, og jafnan síðan í leyfum hans og tómsundum falla undir 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 35/1960, og ber því að úrskurða lögheimili hans að Túngötu 15, Patreksfirði.

Dregið hefur að kveða upp úrskurð þennan sökum mikilla anna við embættið.

Ályktunarorð:

Lögheimili Guðmundar Benónýs Aðalsteinssonar var 1. desember 1964 og er að Túngötu 15, Patreksfirði.
